SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1208
komudagur 7.4.2005

S/63

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

6. apríl 2005

Efni: **Um frumvarp til laga um miðlun vátrygginga, 551. mál.**

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. mars sl., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreint frumvarp. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Í frumvarpinu er að finna almennar og stórum ítarlegri reglur um miðlun vátrygginga en gilt hafa til þessa. Skilgreining á því, hvað teljast skuli miðlun vátrygginga er miklu víðtækari en í gildandi lögum. Af því leiðir m.a., að starfsemi fleiri aðila en vátryggingamiðlara einna munu falla undir hinar nýju reglur um miðlun vátrygginga. Auk vátryggingamiðlara, sem starfa á eigin ábyrgð, tekur frumvarpið þannig einnig til vátryggingaumboðsmanna, sem starfa á ábyrgð vátryggingafélaga, auk þess sem þar er að finna reglur, er lúta að vátryggingasölumönnum, sem starfa á vegum vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanna. Vátryggingasölumenn vátryggingafélaganna sjálfra falla ekki undir reglur frumvarpsins, enda fer um störf þeirra eftir lögum nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi. Í frumvarpinu eru gerðar hæfis- og hæfniskröfur til þeirra, sem koma að miðlun vátrygginga, og upplýsingaskylda þessara aðila á margvíslegan hátt gerð skýrari gagnvart neytendum. Meðal nýmæla í frumvarpinu er að starfsemi vátryggingaumboðsmanna verði háð sérstakri skráningu vátryggingafélags, og áður en slík skráning fari fram, skuli félagið kanna, að umboðsmaðurinn búi yfir nægilegri þekkingu og uppfylli að auki ýmis almenn hæfisskilyrði.

   Með frumvarpinu er verið að innleiða tilskipun 2002/92/EB um miðlun vátrygginga, en aðildarríki hafa þó allnokkurt svigrúm varðandi innleiðinguna, þar sem í henni eru settar fram kröfur um lágmarkssamræmingu. Átti fulltrúi SÍT sæti í

starfshópi þeim, sem samdi frumvarpið. Í frumvarpinu felst aukin neytendavernd, og reglur um miðlun vátrygginga eru gerðar skýrari. Af hálfu SÍT er lýst stuðningi við meginefni frumvarpsins.

2. Í 32. gr. frumvarpsins er fjallað um endurgjald vátryggingamiðlara. Er þar nokkuð skerpt á skyldu vátryggingamiðlarans til að upplýsa vátryggingartakann um þóknun miðlarans miðað við gildandi reglur. Felst meginbreytingin í því, að í stað þess að upplýsa vátryggingartakann um þóknunina í þeim tilvikum einum, sem vátryggingartaki óskar sérstaklega eftir því, skuli miðlaranum jafnan skylt að upplýsa um þóknun sína ótilkvaddur. Þótt þetta sé vissulega til nokkurra bóta, þá er reglan ekki í samræmi við þær breytingar, sem ýmist eru í deiglu m.a. á Norðurlöndunum eða munu þegar lögleiddar.

Á síðustu misserum og árum hefur víða orðið ljóst, að í stað þess að láta hagsmuni vátryggingartakanna ráða því hjá hvaða vátryggingafélagi vátryggt er, bæði á grundvelli fjárhæðar iðgjaldsins og vátryggingarverndar sem slíkrar, hafa vátryggingamiðlarar miðlað vátryggingunum til þeirra vátryggingafélaga, sem hæstu þóknunina hafa boðið miðlurunum. Eru þessi mál því nú til gagngerrrar endurskoðunar, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Hafa menn leitað leiða til að búa svo um hnúta, að hagsmunir neytandans/vátryggingartakans ráði ætíð í þessum efnum, en ekki fjárhagslegur ávinningur vátryggingamiðlarans. Hefur verið bent á, að hér geti verið miklir fjármunir í húfi fyrir miðlarann, einkum í líf- og söfnunarlíftryggingum einstaklinga og almennt í atvinnurekstrartryggingum. Hefur því sú leið átt vaxandi fylgi að fagna, að breyta reglum á þann veg, að vátryggingafélögunum skuli með öllu óheimilt að greiða vátryggingamiðlurum endurgjald fyrir að koma vátryggingarsamningi á. Þess í stað skuli sá, sem nýtir sér þjónustu miðlarans, greiða fyrir þjónusu hans. Með þessu næst tvennt. Í fyrsta lagi næst markmiðið um að hagsmunir vátryggingartakans ráði för og ráðgjöf miðlarans byggi á hlutlausri og faglegri greiningu á þeim vátryggingum sem til boða standa. Í öðru lagi verður þessi tilhögun til þess, að sá einn, sem óskar eftir þjónustu miðlarans, greiði sjálfur fyrir hana, í stað þess að almennir vátryggingartakar/viðskiptavinir vátryggingafélaganna, sem taka vátryggingar hjá félögunum beint og milliliðalaust "niðurgreiði" þá þjónustu að vissu marki. Í stjórnarfrumvarpi um miðlun vátryggingu í Finnlandi, þar sem tilskipun 2002/92/EB um vátryggingamiðlun var innleidd, var lagt fortakslaust bann við því, að vátryggingafélög greiddu miðlurum þóknun fyrir að miðla vátryggingum til félaganna, m.ö.o. endurgjaldið vegna slíkrar þjónustu skuli greitt af vátryggingartökum sjálfum. Nýverið hefur Finanstilsynet í Danmörku, systurstofnun Fjármálaeftirlitsins hér á landi, á grundvelli sérstakrar skýrslu lagt til sams konar breytingar á lögum í Danmörku. Þá er um þessar mundir mjög verið að huga að breytingum í þessa veru í Noregi og Svíþjóð.

Með vísan til framanritaðs er lagt til, að 1. mgr. og 2. mgr. 32. gr. verði breytt, og

þær gerðar að einni málsgrein, svohljóðandi:

"Væntanlegur vátryggingartaki skal jafnan upplýstur um fjárhæð endurgjalds sem vátryggingamiðlari áskilur sér vegna viðskiptanna. Vátryggingamiðlari má ekki taka við endurgjaldi af nokkru tagi frá vátryggingafélagi vegna vátryggingarsamninga, sem hann hyggst miðla eða hefur miðlað til félagsins."

Undirritaður er reiðubúinn að skýra efnisatriði umsagnar þessarar frekar, verði eftir því óskað.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Sigmar Ármannsson